

Bjarni E. Guðleifsson (17. október 2008):

Lokaskýrsla um eyðingu ágengs gróðurs í Hrísey

Orkuveita Reykjavíkur (Kristinn H. Þorsteinsson)

Akureyrarbær (Jón Birgir Gunnlaugsson og Hjalti Jón Sveinsson)

Náttúrufræðistofnun Íslands (Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon)

Landbúnaðarháskóli Íslands (Ólafur Arnalds)

Vorið 2007 fékk Landbúnaðarháskóli Íslands styrk að upphæð 1 milljón króna úr Orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Samstarfsaðilar voru Náttúrufræðistofnun Íslands (Borgþór Magnússon) og Akureyrarbær (Jón Birgir Gunnlaugsson). Heiti verkefnisins var **Eyðing ágengs gróðurs á varpsvæði rjúpna í Hrísey**. Tilgangur þess var að kanna hvort stöðva mætti framrás ágengra jurta sem breiðast út yfir náttúrulegt gróðurlendi Hríseyjar. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands höfðu áður gert gróðurkort af Hrísey sem sýnir framrás þessara jurta. Einkum er um að ræða lúpínu en í kjölfar hennar koma skógarkerfill og í minna mæli spánarkerfill og ætihvönn. má segja að þessu verkefni sé nú lokið. Fjárhagslegt uppgjör fylgir með (Fylgiskjal 1).

Undirritaður fór margar ferðir út í Hrísey bæði árin og naut aðstoðar starfsmanna Akureyrarbæjar í Hrísey. Bæði vorin komu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar, þeir Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon, með í vettvangsferð ásamt starfsmönnum Akureyrarbæjar. Skýrslur úr vettvangsferð 2007 fylgja hér með (Fylgiskjal 2) og vettvangsferð 2008 (Fylgiskjal 3). Einnig fylgir með úttekt á stöðu mála í árslok 2007 (Fylgiskjal 4) og 2008 (Fylgiskjal 5)

Heildarniðurstaða verkefnisins með viðbót af reynslu sem fengist hefur í Eyjafjarðarsveit er þessi:

- 1) Lúpína og skógarkerfill bárust til Hríseyjar upp úr 1960 og mikill vöxtur og dreifing þeirra tengist minni búfjárbætur og hlýnandi veðurfari. Þau hafa þegar og **munu áfram breiðast út** yfir náttúrulegt gróðurlendi í Hrísey ef ekkert verður aðhafst.
- 2) **Lúpínan er frumkvöðullinn** og ryður víðast skógarkerfli og einnig spánarkerfli og ætihvönn braut. Lúpínunnar þarf þó ekki við þar sem jarðvegur er næringarríkur, en það á einungis við um fáa staði á sunnanverðri eyjunni og túnin í Ystabæ.
- 3) Nauðsynlegt er að **bregðast við** svo eyjan verði ekki undirlögð af þessum ágengu plöntutegundum. Þrjár leiðir koma til greina a: að eyða plöntunum með slætti b: að eyða þeim með varnarefnum, og c: að eyða þeim með beit. Hitaveituvatnið í Hrísey reyndist gagnslaust í þessari baráttu, náði ekki nauðsylegu hitastigi til að drepa plönturnar.
- 4) **Sláttur**, jafnvel endurtekinn sláttur, virðist lítil eða engin áhrif hafa á skógarkerfil. Sums staðar í Eyjafjarðarsveit hefur skógarkerfill til dæmis dafnað í túnjöðrum sem eru tví- eða þríslegnir. Hins vegar virðist sláttur, sérstaklega fyrir eða um blómgun, geta drepit lúpínu og einnig hvönn.

- 5) Þau **varnarefni** sem reynd hafa verið eru gjöreyðingarefnið Roundup og íslenska framleiðslan Undri. Undri (0,1 lítri á fermetra) drap skógarkerfil og lúpínu. Roundup reyndist ekki vel í tilrauninni í Hrísey vegna ónógra upplýsinga á umbúðum) sem olli því að blöndunarhlutföll voru ekki rétt. Góð reynsla er af sterkari blöndu Roundup í Eyjafjarðarsveit.
- 6) Vitað er að **beit** heldur lúpínu niðri, en ekki er vitað hver áhrif búfjárbeitar eru á skógarkerfil. Reynslan í Eyjafjarðarsveit er sú að hross og kýr sniðganga hann að mestu, en vitað er að sauðfé bitur kerfilinn fyrst á vorin, en ekki er vitað hvort það getur haldið honum niðri, enda er sauðfé yfirleitt rekið á fjall yfir sumarið.
- 7) Sáning grasfræs í slegna reiti af lúpínu hefur borið árangur en ekki í slegnu skógarkerfilslandi.

Heildarniðurstaðan er sú að það verður að teljast mjög brýnt að ráðast í aðgerðir gegn lúpínunni og skógarkerflinum í Hrísey. Lúpínunni, sem leitar fyrst inn á hið náttúrulega gróðurlendi, má eyða með slætti fyrir og um blómgun. Skógarkerfli verður ekki eytt með slætti en má auðveldlega eyða með varnarefnum. Roundup er ódýrara efni en Undri og drepur það nær allan gróður nema elftingu. Beit getur eytt lúpínu, en alls óvíst er að hún eyði skógarkerfli.

Lögð er til eftirfarandi aðgerðaráætlun fyrir Akureyrarabæ í Hrísey.

- A) Ráðist verði í **eyðingu á lúpínu með slætti**. Lúpínan er í jöðrum framrásarsvæðanna og eyðing hennar gæti stöðvað framrás skógarkerfilsins. Lúpínu í jöðrum framrásarsvæðanna má víða slá með sláttutætaranum, en víða, aðallega syðst á eyjunni, þarf að slá stakar plöntur og plöntubrúska með sláttuprikum. Mikilvægt er þá að slá lúpínuplönturnar niðri við jörð en ekki bara efsta hlutann.
- B) **Eyðing skógarkerfils** verður ekki gerð með slætti. Auðveldast er að eyða honum **með varnarlyfinu Roundup**. Meta þarf hvort það er heimilt og samræmist þeirri umhverfisstefnu sem fylgt er í eyjunni. Ef ráðist verður í úðun má benda á að verktakinn sem vinnur að eyðingu skógarkerfils í Eyjafjarðarsveit, Grettir Hjörleifsson, er með mikla reynslu og mjög fullkominn búnað til slíkra verka. Væri þá auðveladast að semja við hann.
- C) Hömlur eru á dýrahaldi í Hrísey sem var og er að einhverju leyti enn einangrunarstöð fyrir innflutt dýr. Alls óljóst er hvort eyða megi skógarkerfli með búfjárbeit, en reynsla virðist benda til að beit hrossa og nautgripa nægi ekki. Ekki er vitað hvort sauðfé eyðir skógarkerfli. **Gera þyrfti litla beitarilaun** til að athuga hvort sauðfjárbeit allt sumarið gangi af skógarkerflinum dauðum og verði ekki sauðfénu til skaða. Tilraunina má gera annars staðar ef ekki liggur fyrir heimild til að beita sauðfé í Hrísey, en máli skiptir hvort heimiluð verði sauðfjárbeit í Hrísey í framtíðinni.
- D) Fylgjast þarf með því **hvers konar gróður tekur við** þar sem þessum ágengu jurtum verður eytt og þá hvort þörf er á að sá í landið.

Nokkrar myndir frá Hrísey fylgja með í öðru skjali

Með þessari skýrslu lít ég svo á að þessu verkefni sé lokið, en vænti þess að Akureyrarbær hefji aðgerðir í samræmi við ofanskráð til að hindra meiri útbreiðslu þessara jurta í Hrísey. Landbúnaðarháskólinn og Náttúrufræðistofnun gætu aðstoðað við beitartilraun á skógarkerfli ef talið er rétt að fara þá leið. Einnig gætu þeir fylgst með því hver gróðurframvindan verður á landi þar sem gróðri hefur verið eða verður eytt og hvort sáning sé nauðsynleg.

Akureyri 10. október 2008
Bjarni E. Guðleifsson

FYLGISKJAL 1

Bókhaldsyfirlit (Verkefni 528, Skógarkerfill)

	2007	2008	Samtals
Áhöld	8.646	3.958	12.604
Veitingar	64.670	12.150	89.424
Rannsóknavörur	16.958	53.879	70.837
Fargjöld	6.400	54.020	60.420
Laun, Akureyrarbær	299.995		299.995
Laun, Landbúnaðarháskólinn		466.720	466.720
Samtals	396.669	603.331	1.000.000

FYLGISKJAL 2

Ferð í Hrísey 15. maí 2007 til skoðunar á framrás ágegna plantna

Þátttakendur:

Bjarni E. Guðleifsson, Landbúnaðarháskóla Íslands
Borgþór Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sigurður H. Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands
Jón Birgir Gunnlaugsson, Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar

Þorgeir (Jónsson?) tók á móti okkur og ók okkur um eyna, en við gengum um suðausturhluta eyjarinnar eftir merktum stígum. Einnig gengum við um svæðið sunnan við vitann á norðurhluta eyjarinnar. Við höfðum einnig tal af þeim sem eru með nautastöðina á leigu.

Skoðun þessi leiddi í ljós að um er að ræða fjórar tegundir ágengra jurta. Lúpínan er frumkvöðullinn sem bætir frjósemi jarðvegsins og í kjölfarið koma skógarkerfill og hvönn og í sumum tilvikum spánarkerfill. Þar sem þessar jurtir hafa náð fótfestu er enginn eða afar lítil annar gróður sýnilegur. Á suðurhluta eyjarinnar (Syðstabæjarland, það sem tilheyrir Akureyrarbæ) eru víða litlir blettir með þessum plöntum, og sums staðar samfelld svæði, svo sem við gömlu grjótnámuna og kringum stöku fiskhjalla. Á norðurhlutanum (Miðbæjar- og Ystabæjarland, land Úllu), er ástandið alvarlegt. Þar hefur lúpínan rutt brautina fyrir skógarkerfil og hvönn samfelld meðfram vegum. Uppi við vitanum er stærsta samfellan þar sem plönturnar sækja suður á lyngmóana um miðbik eyjarinnar. Ef fram fer sem horfir mun allur norðurhlutinn verða undirlagður eftir nokkur ár.

Það virtist sameiginleg skoðun okkar að aðgerða væri þörf til að hindra að eyjan verði undirlögð af þessum fjórum ágengu plöntutegundum og glataði þar með miklu af líffræðilegri fjölbreytni sinni. Einnig er þetta hættu fyrir varp, aðallega rjúpnarvarp og kríuvarp, en í eyjunni munu vera einar mestu og þéttustu varpstöðvar þessara fugla í heimi. Úðun með varnarefnum (til dæmis Roundup) kemur ekki til álita í Hrísey vegna þess að eyjan, að hluta eða öll, er skilgreind sem vatnsverndarsvæði og þar með einnig íslenska efnið Undri ekki koma til greina. Það sem hægt er að gera er þá að slá plönturnar, og samkvæmt rannsóknum þeirra félaga á Náttúrufræðistofnun er áhrifamest að slá lúpínu þegar hún er í blóma en áður en hún myndar fræ. Þetta á væntanlega einnig við um hinar ágengu tegundirnar. Önnur vistvæn leið er að drepa plönturnar með heitu vatni, og það er væntanlega best að gera þegar plönturnar eru að hefja vöxt á vorin. Við hugleiddum einnig hvort halda mætti þessum ágenga gróðri niðri með beit, en á því eru annmarkar vegna þess að eyjan mun skilgreind sem einangrunarsvæði.

Niðurstaðan var sú að reyna að verja suðurhluta eyjunnar fyrir þessum plöntum. Verður það gert með því að Akureyrarbær leggur til sláttulið sem fer um suðurhluta eyjarinnar þegar plönturnar eru í blóma (fyrir fræmyndun). Áður mun Bjarni með aðstoð Þorsteins Þorsteinssonar GPS-mæla stöku plöntubrúka sem þarf að slá. (Ég hef þegar talað um þetta við Þorstein og munum við fara um eyjuna við hentugleika). Reynd verður eyðing með heitu vatni umhverfis dælustöðina og mun það verða gert með aðstoð Þorgeirs fljótlega. Hugmyndin er að halda þessum hluta eyjunnar hreinum af þessum plöntum ef hægt er.

Á norðurhluta eyjarinnar er verkefnið hálf vonleysislegt. Plönturnar sækja til suðurs frá vitanum inn á mólendið og munu leggja það allt undir sig með tímanum. Því var talið rétt að reyna að stöðva þessa framrás með því að slá stórt og slétt svæði austarlega á eyjunni með sláttutæki sem Akureyrarbær á og tengt er við traktor. Með sláttuprikum verður svo stökum jaðarplöntum eytt. Þetta á líka að gera þegar plönturnar eru í blóma. Enn fremur mun verða reynt að aka með heitt vatn í tanki og sjá á einhverjum bletti hvort hægt er að drepa plönturnar þannig.

Áætlunin er því þessi.

- 1) Þegar plöntur eru að hefja vöxt (maí) verður hitaveituvatni sprautað á plöntur umhverfis dæluhúsið og einnig ekið með heitt vatn í tanki norður á eyju. Borið verður saman mismikið vatnsmagn á mismunandi svæði (Bjarni, Jón Birgir, Þorgeir).
- 2) “Plöntuhreiður” verða staðsett með GPS-tæki sem sláttumenn geta farið eftir (Bjarni, Þorsteinn).
- 3) Plöntur verða slegnar með vélorfum á suðurhluta eyjarinnar þegar þær eru í blóma, líklega eftir 20. júní. Á sama tíma verður vélslegið svæði á norðurhlutanum og jaðarplöntur slegnar með vélorfum (Jón Birgir, Þorgeir).
- 4) Kannað verður hvort flytja megi sauðfé út í eyju til að beita svæði og eyða þannig plöntunum. Þetta er of seint í ár, en verður athugað fyrir næsta vor (Bjarni talar við yfirdýralækni)
- 5) Árangur verður metinn með gróðurmælingum starx næsta sumar og áfram ef hægt verður (Borgþór, Sigurður, Bjarni).

Þess skal að lokum getið að við fengum 1 milljón króna styrk frá Orkuveitu Reykjavíkur í tilraunaverkefni til að eyða gróðri með heitu vatni. Þess vegna verðum við að standa við áætlun okkar. Landbúnaðarháskólinn heldur utan um fjármagnið.

Akureyri 21. maí 2007

Bjarni E. Guðleifsson

Jón Birgir Gunnlaugsson, verkefnisstjóri umhverfismála, Akureyrarbæ
Bjarni E. Guðleifsson, prófessor, Landbúnaðarháskóla Íslands

Lúpína og skógarkerfill í Hrísey Minnisblað eftir skoðunarferð 10. júní 2008

Gróðurkortlagning sem fram fór í Hrísey haustið 2007 hefur leitt í ljós að land með lúpínu, skógarkerfli og ætihvönn er um 85 hektarar að flatarmáli, sem er um 11% af stærð eyjarinnar (sjá meðfylgjandi töflu). Árið 1998 var flatarmál þessa gróðurs alls um 40 hektarar og hefur hann því meira en tvöfaldast á 9 árum. Þessi þróun mun halda áfram. Verði ekkert að gert mun eyjan öll verða undirlögð eftir um 30 ár með miklum áhrifum á fuglalíf og annað náttúrufar.

Við viljum koma með eftirfarandi ábendingar eftir nýafstaðna skoðunarferð:

- Þær aðgerðir sem hafnar voru 2007 eru hvergi nægar til stöðva úrbreiðslu lúpínu og skógarkerfils, hvað þá að snúa þróuninni við.
- Ganga þarf skipulega á alla lúpínubletti á sunnanverðri eyinni og slá lúpínuna niður þegar hún hefur náð háblóma. Í ljós kom að margir blettir höfðu orðið útundan 2007. Mikilvægt er að lúpínan myndi ekki fræ á þessum stöðum og nái ekki að breiðast frekar út.

- Með vegi norður að Ystabæ er mikið landnám lúpínu út í mólendið, einkum til austurs. Við leggjum eindregið til að þessi svæði verði slegin og komið í veg að lúpínan breiðist þar frekar út.
- Á norðanverðri eyggi eru langstærstu breiður lúpínu og skógarkerfils. Þar sækja lúpína, skógarkerfill og hvönn hraðast fram og út í mólendið í kring. Afar mikilvægt er að hindra framrás þessa gróðurs út í mólendið á þessu svæði. Einkum til suðurs þar sem stærstu og samfelldustu mólendissvæði eyjarinnar taka við. Þar þarf að fara með öllum jaðri lúpínubreiðunnar og slá niður stakar lúpínuplöntur eða smábletti. Síðan að fara með stórvirk tæki og slá lúpínu- og kerfilsbreiður niður þar sem því verður við komið, einkanlega á jöðrunum.
- Það er álit okkar að ef árangur á að nást þarf verkstjórn að vera mjög góð og verkinu verður að fylgja fast eftir ár eftir ár. Æskilegt er að fá staðkunnunga, helst áhugasama eyjaskeggja til liðs og til að hafa umsjón með aðgerðum. Aðgerða verður þörf um langa framtíð og þarf að setja þær inn í almennar áætlanir bæjarins um umhirðu gróðurs og náttúru í eyggi.

Höfuðástæða fyrir því að lúpína, skógarkerfill og hvönn hafa tekið að breiðast svo mjög um Hrísey er að sauðfé er horfið úr eyggi. Að okkar mati yrði það auðveldasta leiðin til að ná árangri að leyfa þar sauðfjárbreit. Stýra mætti beitinni með girðingum á þau svæði þar sem lúpína er að breiðast sem mest út. Við leggjum til að reynt verði til þrautar að fá leyfi til að hefja sauðfjárbreit í eyggi á ný. Okkur þykir líklegt að þeir sem fara með mál Einangrunarstöðvarinnar í Hrísey geri sér ekki grein fyrir alvöru málsins hvað varðar þróun gróðurfars í eyggi. Er ekki verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni? Ástæða væri til að bjóða yfirdýralækni í heimsókn til Hríseyjar og kynna honum ástandið.

11. júní, 2008

Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon,
Náttúrufræðistofnun Íslands

Tafla. Yfirlit yfir gróður- og landgerðir í Hrísey samkvæmt gróðurkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands 2007 sem er í vinnslu.

Purrlendi			693,0
Byggð og mannvirki			27,6
Efnisnámur/rask			3,1
Ræktað land			39,9
Skógærækt			24,7
Lítt gróið land			33,9
Flag	1,1		
Moldir	0,2		
Stórgrytt land	3,3		
Melar	5,9		
Skriður	23,3		
Mólandi			368,3
Krækilyngsmóar	13,8		
Beitilyngsmóar	272,6		
Holtasóleyjarmóar	4,8		
Bláberjalýngsmóar	41,3		
Aðalbláberjalýngsmóar	4,2		
Gráviðimóar	0,1		
Gulviðimóar	4,7		
Pursaskeggsmóar	22,6		
Fléttumói	4,0		
Birkikjarr	0,1		
Graslandi			110,4
Grös	101,8		
Finnungur	8,6		
Blómlandi			85,2
Hávaxnar blómjurtir	0,1		
Alaskalúpína	55,8		
Ætívhönn	19,9		
Skógarkerfill	9,4		
Vottendi			47,7
Deiglendi			7,8
Hrossanál	0,1		
Gulviðir - starir	7,7		
Mýri			16,6
Mýrafinningur	5,3		
Mýrastör	11,3		
Flói			6,0
Gulstör	0,5		
Klófífa	5,5		
Tjarnir			1,2
Fjara			16,2
Fjara	16,2		
Flatarmál samtals			740,8

FYLGISKJAL 3

Skoðunarferð 10. júní 2008

Pátttakendur: Bjarni E. Guðleifsson, Borgþór Magnússon, Siguður Magnússon, Rannveig Thoroddsen, Grettir Hjörleifsson og Jón Birgir Gunnlaugsson

Að lokinni skoðunarferð eru þetta helstu niðurstöður tilrauna síðan í fyrra, 2007.

- **Meðfram göngustíg, lúpína.** Sláttur hafði seinkað og dregið úr þroska lúpínuplantna en ekki drepið þær allar.
- **Við turninn, lúpína.** Óblandaður Undri hefur drepið allt nema elftingu.
- **Við Ystabæ, skógarkerfill.** Óblandaður Undri drap flestar plöntur af skógarkerfli, en mikið af fræplöntum var að spíra og hefja vöxt.
- **Við vitann, lúpína (neðst):** Einslegið snemma (20. júní), sæmilegur árangur. Einslegið seint (20. ágúst), lélegur árangur. Tvíslegið (20. júní og 20. ágúst), mjög góður árangur.

Skógarkerfill (efst): Svæðið alþakið skógarkerfli en hann var alls staðar lágvaxnari og átti legngra í blómgun en þar sem óslegið var.

- **Heildarniðurstaða:** Lúpínu má að mestu eyða með tvíslætti en ekki skógarkerfli. Mjög góður árangur af notkun Undra (en ekki af notkun Roundup) bæði á lúpínu og kerfil. Bæði slátt og úðun þarf að endurtaka árið eftir og jafnvel lengur.

Nauðsynlegt er að setja upp nokkurra ára **aðgerðaráætlun** gegn lúpínu og skógarkerfli í Hrísey. Eftir þessa skoðunarferð má setja fram eftirfarandi (sem að mestu er í samræmi við ábendingar Borgþórs og Sigurðar):

- Vegna þess að lúpínan er frumkvöðullinn og kerfillinn kemur í kjölfar hennar, þarf að ráðast á jaðrana þar sem lúpínan sækir inn á mólendið. Þetta verður að hafa forgang.
- Meðfram göngustíg og á blettum í Syðstabæjarlandi væri rétt að fara með **Undra í bakúðadælu** og drepa stakar lúpínuplöntur og bletti þar sem lúpínan hefur náð fótfestu í mólendinu.
- Innan við jaðarinn, þar sem lúpínan er samfelld, þarf að **slá með sláttutætaranum** tvisvar (fyrst í júní þegar lúpínan er í háblóma og aftur í ágúst).
- Samfelld skógarkerfilssvæði eru erfiðari viðfangs, en þau er varla gerlegt að úða nema að hluta. Þar má reyna **slátt**, en hann verður greinilega að framkvæma í fleiri ár.
- Ég hyggst koma aftur út í Hrísey síðar í þessum mánuði og gera **tilraunir** með að endurslátt á stóru reitunum uppi við vita og einnig reyna mismunandi styrk af Undra. Einnig mun ég reyna grassáningu í svæði þar sem gróðri hefur verið eytt.
- Ég tek undir þá skoðun Borgþórs og Sigurðar að rétt væri að athuga enn betur hvort ekki komi til greina að flytja **sauðfé** út í eyju. Yfirdýralæknir svaraði mér ekki en svaraði hins vegar Akureyrarbæ, svo rétt er að bærinn hafi áfram formlegt samband við yfirdýralækni.

11. júní 2008

Bjarni E. Guðleifsson
Landbúnaðarháskóla Íslands

FYLGISKJAL 4



Landbúnaðarháskóli Íslands

Tilraunastöðin Möðruvöllum

Skýrsla um athuganir á eyðingu skógarkerfils og lúpínu í Hrísey sumarið 2007

Kristinn H. Þorsteinsson, Orkuveitu Reykjavíkur
Jón Birgir Jónsson, Akureyrarbæ
Þorgeir Jónsson, Hrísey
Hjalti Jón Sveinsson, formaður Umhverfisnefndar Akureyrar
Valgerður Jónsdóttir, formaður Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðarsveitar
Borgþór Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sigurður H. Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands
Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir, Landbúnaðarstofnun
Ólafur Arnalds, deildarstjóri Umhverfiseildar LbhÍ

Aðgerðir voru framkvæmdar af starfsmönnum Akureyrarbæjar og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þær gengu út á að hindra útbreiðslu og/eða eyða þessum plöntutegundum með úðun eða slætti. Jón Birgir Gunnlaugsson á Akureyri og Þorgeir Jónsson í Hrísey unnu eða lögðu til vinnukraft frá Akureyrarbæ til sláttarins, en Bjarni E. Guðleifsson skipulagði verkið og sá um úðun af hálfu Landbúnaðarháskólans.

Farin var skoðunarferð í Hrísey 15. maí ásamt tveimur starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Borgþóri Magnússyni og Sigurði H. Magnússyni. Var samdóma álit að aðgerða væri þörf til að hindra frekari útbreiðslu og eyða þessum hávöxnu plöntutegundum í Hrísey (samanber skýrslu frá 21. maí 2007). Á norðurhluta eyjarinnar, í Ystabæjarlandi, eru samfelld svæði sem eru undirlögð, en á suðurhlutanum, í þéttbýlinu í Syðstabæjarlandi, eru “plöntuhreiður” víða þar sem þessar ágengu plöntur eru að koma sér fyrir og breiðast út. Eftir ferðina var samin aðgerðaráætlun sem í stórum dráttum má skipta í fimm liði:

- 1) Úðun með hitaveituvatni (eða lyfjum) snemma vors.
- 2) Þar sem ágengu plönturnar eru að koma sér fyrir á suðurhlutanum verða þær slegnar með sláttuprikum.
- 3) Á norðurhlutanum þarf að beita stórvirkari aðferðum og þar er hugmyndin að slá allnokkurt svæði með sláttutætara.
- 4) Kannað verður hvort hefja megi aftur beit með sauðfé í eyjunni til að eyða þessum jurtum, vegna þess að eyjan er ekki lengur einangrunarstöð á sama hátt og áður var.
- 5) Árangur verður metinn sumarið 2008 og aðgerðum haldið áfram.

Þessari áætlun var að mestu fylgt og eru niðurstöður þessar:

- 1) Úðun var gerð bæði í Ystabæ og Syðstabæ 29. maí og 14. júní. Hitaveituvatnið reyndist um 70° heitt og úðun með 2,7 lítrum á fermetra hafði sáralítill áhrif á plönturnar. Ekki var talið raunhæft að nota meira vatnsmagn. Einnig var í smáum stíl úðað með gjöreyðingarlyfinu Roundup (0,25 lítrum á fermetra) og íslenska lyfinu Undra garðahreinsi (0,05 – 0,1 lítra á fermetra) og hafði Undri meiri áhrif en Roundup. Undri var einnig prófaður á kerfil í Kaupangi í Eyjafjarðarsveit og reyndist 0,5 lítrar á fermetra nægja.
- 2) Sláttulið frá Akureyri fór um sumarið margar ferðir út í Hrísey og sló stakar plöntur og samfelld svæði með kerfli og lúpínu í Syðstabæjarlandi. Má segja að þetta hafi gengið vel, en þó náðist ekki að slá allt sem þurft hefði. Hver blettur var einungis sleginn einu sinni.
- 3) Sláttutætariinn reyndist vel þar sem land var slétt. Slegin var 9000 fermetra spilda sunnan undir vitanum í landi Ystabæjar. Fyrst var slegið 20. júní þegar lúpínan og kerfillinn voru í blóma og síðan var hluti landsins sleginn aftur 21. ágúst og svæðið stækkað, en þá höfðu óslegnar plöntur myndað fræ. Þannig eru þrenns konar sláttutímar á svæðinu; einslegið snemma, einslegið seint og tvíslegið.
- 4) Undirritaður hafði símasamband við yfirdýralækni og ræddi málið við hann og tók hann erindinu allvel. Honum var síðan sent formlegt bréf 23. ágúst, sem hann hefur ekki svarað.
- 5) Árangur aðgerða sumarsins 2007 verður metinn sumarið 2008 og haldið áfram með slátt, bæði á smásvæðunum í Syðstabæ og einnig á stóra svæðinu í Ystabæ. Ef leyfi fæst til að flytja sauðfé út í eyjuna verður það gert í vor.

Akureyri 18. desember 2007
Bjarni E. Guðleifsson
LbhÍ Möðruvöllum

FYLGISKJAL 5

Skoðunarferð í Hrísey 23 september 2008

Skoðað það sem var slegið í fyrra með sláttutætara, einslegið snemma (júní), einslegið seint (ágúst) og tvíslegið snemma og seint 2007. Hluti af þessum reitum var svo sleginn aftur í vor (júní).

Lúpínan hefur mikið látið undan, en skógarkerfillinn lítið sem ekkert. Í vor var grasfræblöndu sáð efst í skógakerfilsreitina og neðst í lúpínureitina. Gras (aðallega rýgresi) hefur náð sér ágætlega á strik á lúpínusvæðinu, en ekki þar sem skógarkerfillinn er ríkjandi.

Akureyrarbær sló í sumar stór svæði af skógarkerfli og lúpínu með sláttutætara, þar á meðal túnin í Ystabæ og umhverfi tilraunareitarins. Kerfillinn er að ná sér þar aftur á strik en ekki lúpínan.

Bjarni E. Guðleifsson